

Þingskjal no.577 2019/2020

### Frumvarp til laga um leigubifreiðaakstur

Ég undirritaður vil gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp þetta.

#### *5.gr. 3 málslíður*

Það er alls ekki skynsamlegt að ekki sé lengur krafist þess að ökumenn hafi aukin ökuréttindi heldur aðeins B réttindi til að öðlast réttindi til akstur farþega gegn gjaldi, tel rétt að haldið verði í kröfur um aukin ökuréttindi eins verið hefur frá alda öðli.

Í öðru lagi í ljósi reynslu og öryggis farþega verði gerð krafa að allir bílar sem aka farþegum í leiguakstri séu frá viðurkenndri stöð sem sagt stöðvarskylda hvíli á öllum.

Í þriðja lagi sé tryggt að bifreið sé merkt þannig að ekki sé nokkur vafi á því að um leigubifreið sé að ræða.

Í fjórða lagi að leyfisskírteini með númeri og mynd sé sýnileg í bifreiðinni fyrir farþega öllum stundum.

Tel að fresta eigi gildistöku þessara laga um þrjú ár eða þau taki gildi í áföngum. Helstu rök fyrir frestun er að með þessari lagasetningu er verið að kippa fótunum undan starfsvettvangi leigubílstjóra sem hafa haft leigubílaakstur sem aðalstarf. Það hlýtur að koma til álita hvort leigubílstjórar geti átt rétt á skaðabótum við gildistöku þessara laga. Ekki myndi alþingi svipta útgerðina kvóta sínum án þess að til skaðabóta komi. Tilefni lagasetningar þessara er sagt frumkvæmisathugun ESA um hugsanlegar samkeppnishindranir sem segir mér að ekki sé mikil þörf á því að hraða þessari lagasetningu enda leigubílaþjónusta með því besta sem þekkist í vestur Evrópu.

Með vinsemd og virðingu,

Ársæll Hauksson

Kt. 0908544889

Vesturtúni 4,

225 Garðabær

